



Staðardagskrá 21 á Íslandi

**Lokaskýrsla um samstarfsverkefni
Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytisins
1998-2009**



**Stefán Gíslason, fv. verkefnisstjóri Sd21 á Íslandi
Borgarnesi 28. maí 2010**

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Samningar og fjármál	4
Stýrihópur	5
Skrifstofa	6
Helstu verkþættir	6
Staðardagskrárráðstefnur og jafnrétti kynjanna	7
Aðrar ráðstefnur, fundir og námskeið	8
Kynnisferðir erlendis	8
Vefsíða Staðardagskrár 21	9
Ágæta Staðardagskrárfólk	11
Útgáfumál	11
Staða mála í sveitarfélögum	12
Ólafsvíkuryfirlýsingin	14
Fámennisverkefnið	16
Mæling á árangri?	16
Lokaorð	17

Inngangur

Á Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiró 1992 urðu fulltrúar þjóða heims ásáttir um að sveitarstjórnir um heim allan skyldu leita til íbúa, félagasamtaka og atvinnulífs í heimabyggðinni um að koma sér upp sameiginlegri áætlun um sjálfbæra þróun viðkomandi samfélags á 21. öldinni. Áætlun af þessu tagi er það sem á ensku er kallað Local Agenda 21, en hérlendis Staðardagskrá 21.

Staðardagskrárstarfið á Íslandi hófst fyrir alvöru með ráðningu verkefnisstjóra á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytisins í byrjun október 1998, en árið áður höfðu þátttakendur í umhverfisráðstefnu á Egilsstöðum orðið sammála um að beina því til sambandsins og ráðuneytisins að ráða „*sérstakan starfsmann sem sinnir eingöngu ráðgjöf við sveitarstjórnir og umhverfisnefndir á sviði umhverfismála*“. Þetta samstarf sambandsins og ráðuneytisins um Staðardagskrá 21 á landsvísu stóð óslitið í rúm 11 ár, en lauk í árslok 2009 eftir að ljóst varð að ekki voru forsendur fyrir endurnýjun samninga milli aðila um áframhaldandi samstarf.

Staðardagskrá 21 snýst um að halda jörðinni í byggð og búa í haginn fyrir komandi kynslóðir, í stað þess að halda sig við hinn gamla húsgangshátt, „*að hugsa eingöngu um stundarhaginn, nokkra aura í svipinn, en láta sér standa á sama, hvort gerður er stórskaði öldum og óbornum*“, eins og Þorvaldur Thoroddsen skrifaði í Ferðabók nr. IV eftir ferðalag um Múlasýslur árið 1894. Ekki þarf þó að óttast að byggð leggist af í landinu þótt formlegu samstarfi um Staðardagskrá 21 á landsvísu ljúki. Staðardagskrá 21 er eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst verkefni einstakra samfélaga. Þessum einstöku samfélögum er í aðalatriðum í sjálfsvald sett hvort eða hvernig þau vinna að stefnumótun í anda Staðardagskrár 21, en þar sem málið snýst um velferð komandi kynslóða hljóta flest samfélög að leggja metnað sinn í að vinna áfram að gerð þverfaglegra langtímaáætlana, umfram það sem krafist er í þengsta skilningi laga og reglugerða.

Þetta skjal hefur að geyma lauslega samantekt um nokkur helstu atriði sem varða umrætt samstarf Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytisins á árunum 1998-2009. Inn í þetta fléttast einnig umfjöllun um svonefnt *Fámennisverkefni*, sem þessir sömu aðilar stóðu að ásamt með iðnaðarráðuneytinu á árunum 2003-2009.



Mynd 1. Guðlaugur heitinn Bergmann, þáv. verkefnisstjóri Staðardagskrár 21 í Snæfellsbæ og Fanný Jónmundsdóttir, leiðbeinandi á Fönix-námskeiði um mikilvægi markmiðssetningar og um sálfræði hámarksárangurs (Psychology of Achievement), sem haldið var á Hellnum í október 1999 fyrir stjórnendur Snæfellsbæjar. Guðlaugur var að öðrum ólöstuðum að maður sem hafði hvað mest áhrif á Staðardagskrárstarf íslenskra sveitarfélaga á meðan hans naut við.

Samningar og fjármál

Frá árinu 1998 hafa Samband Íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytið unnið að því í sameiningu að aðstoða íslensk sveitarfélög við gerð Staðardagskrár 21 í samræmi við samþykktir Ríoráðstefnunnar 1992. Fyrsti samstarfssamningur sambandsins og ráðuneytisins um þetta efni tók gildi í október 1998 og gildi í 18 mánuði, eða til marsloka árið 2000. Þá var gerður nýr 9 mánaða samningur til ársloka. Þann 10. janúar 2001 undirrituðu umhverfisráðherra og formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga síðan nýjan samstarfssamning sem gildi til 5 ára. Að þeim tíma liðnum var samningurinn endurnýjaður tvisvar, fyrst til ársloka 2006 og síðan til ársloka 2009, en þá lauk samstarfinu.

Með samstarfi sambandsins og umhverfisráðuneytisins var sveitarfélögum tryggður aðgangur að ókeypis ráðgjöf um áætlanagerð í anda sjálfbærrar þróunar. Þessi samvinna var sérstakt dæmi um farsælt samstarf ríkis og sveitarfélaga, ekki síst þegar haft er í huga að ekki var um lögbundið verkefni að ræða. Samkvæmt samstarfssamningunum hafði sambandið jafnan umsjón með fjármálum verkefnisins, en umhverfisráðuneytið greiddi sambandinu árlega fasta fjárhæð vegna þess. Árleg framlög á tímabilinu 2001-2009 eru sýnd í töflu 1, en fram að þeim tíma hafði umhverfisráðuneytið greitt sambandinu kr. 250.000 á mánuði vegna verkefnisins, samtals í 27 mánuði.

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Umhv.ráðun	4.000.000	4.600.000	4.600.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	3.000.000	3.000.000	3.000.000
Samband	1.344.271	1.647.408	1.898.691	1.538.672	2.151.828	1.900.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000
Samtals	5.344.271	6.247.408	6.498.691	6.538.672	7.151.828	6.900.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000

Tafla 1. Framlög umhverfisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga til Staðardagskrár-verkefnisins á tímabilinu 2001-2009 á verðlagi hvers árs.

Eins og ráða má af töflu 1 lækkuðu framlög umhverfisráðuneytisins verulega frá og með árinu 2007, en það helgast af því að frá ársbyrjun 2007 rann hluti af framlögum ráðuneytisins inn í svonefnt Fámennisverkefni, eins og síðar verður greint frá. Fram að þeim tíma var starfshlutfall verkefnisstjóra um 100%, en lækkaði síðan í takti við lækkuð framlög og verðlagshækkningar. Af þessum sökum var starfshlutfallið komið niður undir 50% á árinu 2009.

Þann 25. apríl 2003 undirrituðu umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra samkomulag um sérstakt átak í tengslum við byggðaáætlun til að styðja við innleiðingu Staðardagskrár 21 í fámennum sveitarfélögum á landsbyggðinni. Samkvæmt samkomulaginu skyldu ráðherrarnir beita sér fyrir því að til ráðstöfunar yrðu samtals 8 milljónir króna á ári í þrjú ár til þessara þarfa, þar af 7 milljónir á ári af fjárveitingu iðnaðarráðuneytisins til framkvæmdar byggðaáætlunar 2003-2005. Umhverfisráðuneytið lagði hins vegar fram 1 milljón króna á ári. Af þessu fé skyldu 2 milljónir króna á ári renna til sérstaks þróunarverkefnis um sjálfbært samfélag í Hrísey. Þetta samkomulag var síðan endurnýjað í febrúar 2007 í tengslum við nýja byggðaáætlun sem gildi til ársloka 2009. Nýja samkomulagið var í stórum dráttum samhljóða því fyrra. Árleg heildarupphæð var nú 7 milljónir króna og skyldu umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra útvega helming þeirrar fjárhæðar hvor um sig. Ekki var þá lengur gert ráð fyrir sérstöku framlagi vegna verkefna í Hrísey.

Árleg framlög til Fámennisverkefnisins á tímabilinu 2003-2009 eru sýnd í töflu 2.

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Umhverfisráðuneyti	1.000.000	1.000.000	1.000.000		3.500.000	3.500.000	3.500.000
Iðnaðarráðuneyti	7.000.000	7.000.000	7.000.000		3.500.000	3.500.000	3.500.000
Samtals	8.000.000	8.000.000	8.000.000		7.000.000	7.000.000	7.000.000

Tafla 2. Framlög umhverfisráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins til Staðardagskrár 21 í fámennum sveitarfélögum á tímabilinu 2003-2009 á verðlagi hvers árs. Af árlegu 8 milljón króna framlagi þrjú fyrstu árin runnu 2 milljónir króna til sérstaks verkefnis í Hrísey.

Fljótlega var samið við Samband Íslenskra sveitarfélaga um að það annaðist einnig fjárreiður Fámennisverkefnisins og að verkefnisstjóri Staðardagskrár 21 myndi jafnframt stýra því. Verkefnin voru því rekin samhliða frá upphafi.

Framlög til Fámennisverkefnisins dugðu lengst af til að halda úti starfsmanni í fullu starfi að meðtöldum ferðakostnaði, skrifstofuhaldi o.s.frv. Síðasta árið þurfti þó að lækka starfshlutfallið niður í um 80%, þar sem framlög höfðu haldist óbreytt í krónutölu milli ára, en verðlag hækkað nokkuð.

Stýrihópur

Staðardagskrárstarfinu á landsvísu var frá upphafi stjórnað af fjögurra manna stýrihópi, sem reyndar nefndist verkefnisstjórn á fyrstu mánuðum starfsins, þ.e. meðan á 18 mánaða verkefninu stóð (október 1998 – mars 2000). Hópurinn, sem jafnan var skipaður tveimur fulltrúum umhverfisráðuneytisins og tveimur fulltrúum Sambands Íslenskra sveitarfélaga, hafði bæði umsjón með því starfi sem fram fór á grundvelli samnings sambandsins og ráðuneytisins, og starfinu með fámennum sveitarfélögum innan ramma byggðaaætlunar eftir að það kom til sögunnar. Eftirtaldir hafa setið í stýrihópnum:

1. Sigurbjörg Sæmundsdóttir, umhverfisráðuneytinu (formaður), frá upphafi – mars 2000
2. Ragnar Frank Kristjánsson, Náttúruvernd ríkisins, frá upphafi – mars 2000
3. Magnús Már Júlíusson, Hafnarfirði, frá upphafi – des. 2004
4. Þuríður Backman, Egilsstöðum, frá upphafi – mars 2000
5. Hugi Ólafsson, umhverfisráðuneytinu (formaður), apríl 2000 – feb. 2005
6. Árni Bragason, Náttúruvernd ríkisins/Umhverfisstofnun, apríl 2000 – apríl 2007
7. Sigríður Stefánsdóttir, Akureyri, apríl 2000 – apríl 2007
8. Steinunn Guðnadóttir, Hafnarfirði, jan. 2005 – apríl 2007
9. Danfríður Skarphéðinsdóttir, umhverfisráðuneytinu (formaður), mars 2005 – des. 2009
10. Hafdís Hafliðadóttir, Skipulagsstofnun, maí 2007 – des. 2009
11. Guðmundur Sigvaldason, Hörgárbyggð, maí 2007 – des. 2009
12. Herdís Sigurjónsdóttir, Mosfellsbæ, maí 2007 – des. 2009



Mynd 2. Stýrihópur Staðardagskrár 21 á Íslandi eftir fund í umhverfisráðuneytinu 15. febrúar 2007. F.v. Árni Bragason, Sigríður Stefánsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Steinunn Guðnadóttir og Stefán Gíslason.

Verkefnisstjórn, og síðar stýrihópur Staðardagskrár 21 á Íslandi, hélt samtals 54 fundi frá því að verkefnið hófst í október 1998 og þar til því lauk í árslok 2009. Þessu til viðbótar er áformaður lokafundur vorið 2010.

Skrifstofa

Við upphaf verkefnisins í október 1998 gerði Samband Íslenskra sveitarfélaga verktaka-samning við Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðing, um verkefnisstjórn vegna Staðardagskrárverkefnisins. Verkefnisstjóri hafði aðsetur á skrifstofu sambandsins meðan á 18 mánaða verkefninu stóð, þ.e. til marsloka árið 2000. Eftir það var Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 á Íslandi vistuð hjá ráðgjafarfyritæki Stefáns, UMÍS ehf. Environice í Borgarnesi, til ársloka 2009 samkvæmt samningum við sambandið. Stefán sinnti áfram starfi verkefnisstjóra, en auk hans störfuðu Arnheiður Hjörleifsdóttir og Ragnhildur Helga Jónsdóttir, umhverfis- og landfræðingar, að Staðardagskrármálum á landsskrifstofunni og sáu m.a. að mestu leyti um framkvæmd Fámennisverkefnisins.

Helstu verkþættir

Helstu verkþættir í Staðardagskrárstarfinu voru skilgreindir í þeim samningum sem giltu á hverjum tíma. Á síðasta samningstímabilinu (2007-2009) voru helstu verkþættir í starfi stýrihóps og landsskrifstofu eftirtaldir:

- ❑ Undirbúningur og umsjón vinnufunda, kynnisferða, námskeiða og ráðstefna um málefni sem tengjast Staðardagskrárstarfinu
- ❑ Umsjón vefsíðu um Staðardagskrá 21 á Íslandi
- ❑ Annað kynningarstarf, samræming og miðlun upplýsinga um sjálfbæra þróun og tæki sem stuðla að henni
- ❑ Aðstoð vegna samstarfsverkefna sveitarfélaga á sviði sjálfbærrar þróunar
- ❑ Þátttaka í norrænu, evrópsku og alþjóðlegu samstarfi um Staðardagskrá 21
- ❑ Önnur verkefni sem verða til á tímabilinu og eru samþykkt af stýrihópi




Mynd 3. Frá afhendingu Staðardagskrárverðlauna 25. júní 2004. Þórólfur Árnason, þáv. borgarstjóri og Ellý Katrín Guðmundsd., sviðsstýra Umhverfis- og samgöngusviðs tóku við verðlaununum f.h. Reykjavíkurborgar úr hendi Sivjar Friðleifsdóttur, þáv. umhverfisráðherra.

Staðardagskrárráðstefnur og jafnrétti kynjanna


Ráðstefnuhald var jafnan mikilvægur liður í starfi Landsskrifstofu Staðardagskrár 21. Þar gafst þeim sem unnu að framgangi sjálfbærrar þróunar á Íslandi tækifæri til að hitta jafningja sína og starfsfélaga, auk þess sem ráðstefnurnar voru kjörinn vettvangur til að veita nýjum hugmyndum inn í starfið og miðla hugmyndum milli sveitarfélaga. Meðan á Staðardagskrárverkefninu stóð (1998-2009) voru haldnar 11 landsráðstefnur um Staðardagskrá 21. Eftirfarandi listi sýnir stað og tíma ráðstefnuhaldsins:

1. Að Borgartúni 6 í Reykjavík 17. maí 1999
2. Í Hafnarborg í Hafnarfirði 4. apríl 2000
3. Í Klifi í Ólafsvík 12.-13. október 2000
4. Í Hlégarði í Mosfellsbæ 2. apríl 2001
5. Í Ketilhúsinu á Akureyri 15.-16. febrúar 2002
6. Í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri 14.-15. mars 2003
7. Í Hótel Glym, Hvalfirði 9. október 2004
8. Í Félagsheimili Kópavogs 29. apríl 2005
9. Í Hótel Reykholti 3.-4. mars 2006
10. Í Hótel Örk, Hveragerði 8.-9. febrúar 2008
11. Í Hótel Stykkishólmi 20.-21. mars 2009

Á myndum 4 og 5 má sjá tölur um fjölda þátttakenda í hverri ráðstefnu fyrir sig, svo og kynjahlutfall ráðstefnugesta.



Mynd 4. Fjöldi þátttakenda á landsráðstefnum um Staðardagskrá 21 á Íslandi.



Mynd 5. Hlutfallsleg þátttaka kvenna (%) í landsráðstefnum um Staðardagskrá 21 á Íslandi.

Ekki er hægt að draga miklar ályktanir af þessum myndum, en þó virðist þátttakan almennt hafa farið vaxandi eftir því sem á leið, og eins má sjá greinilega þróun í þá átt að hlutfallsleg þátttaka kvenna hafi vaxið jafnt og þétt.

Aðrar ráðstefnur, fundir og námskeið

Til viðbótar landsráðstefnunum efndi Staðardagskrárskrifstofan annað slagið til fundna með tengiliðum eða verkefnisstjórum sveitarfélaganna. Auk þess var efnt til nokkurra námskeiða, m.a. fyrir umhverfisfulltrúa í stofnunum sveitarfélaga. Þar var m.a. fjallað um hreinni framleiðslutækni og vistvæn innkaup, svo eitthvað sé nefnt.

Kynnisferðir erlendis

Frá því að Staðardagskrárstarfið á landsvísu hófst með formlegum hætti haustið 1998 var efnt til 7 kynnisferða íslensks Staðardagskrárfólks til nágrannalöndanna. Eftirfarandi listi sýnir tímasetningar og helstu áfangastaði þessara ferða:

1. Svíþjóð og Danmörk 21.-28. nóvember 1999. Komið við m.a. í Kaupmannahöfn, Lundi, Landskrona, Trollhättan, Stokkhólmi og Uppsala. 8 þátttakendur.
2. Álandseyjar, Svíþjóð og Danmörk 12.-19. nóvember 2000. Komið við m.a. í Mariehamn, Landskrona, Malmö, Lundi, Helsingborg og Kaupmannahöfn. 9 þátttakendur.
3. Noregur og Svíþjóð 14.-21. október 2001. Komið við m.a. í Tanum, Gautaborg og á ráðstefnunni Synergi-21 í Stavanger. 6 þátttakendur.
4. Svíþjóð og Danmörk 30. október – 6. nóvember 2002. Komið við m.a. í Lundi, Borås, Gautaborg, Fredriksberg, Hedehusene, Torup og á ráðstefnunni Jóhannesborg+Evrópa í Kolding. 4 þátttakendur.
5. Austurríki 7.-14. ágúst 2003. Komið við m.a. í Hohe Tauern, Salzburg, Krameterhof, Mallnitz og Berchtesgaden. 11 þátttakendur.
6. Svíþjóð og Noregur 22.-29. október 2006. Komið við m.a. í Landskrona, Gautaborg, Grästorp, Elverum og á norrænni Staðardagskrárráðstefnu í Osló. 12 þátttakendur.
7. Danmörk 10.-17. september 2009. Komið við í Albertslundi, Lálandi, Køge og á norrænni Staðardagskrárráðstefnu í Odense. 13 þátttakendur, þar af 7 allan tímann.

Í þessum kynnisferðum gafst þátttakendum tækifæri á að kynnst af eigin raun ýmsum áhugaverðum verkefnum í nágrannalöndunum, auk þess sem ferðirnar treystu tengsl íslensks Staðardagskrárfólks innbyrðis. Mikil ánægja var með þessar ferðir, og má

vafalaust telja þær meðal mikilvægustu þáttanna í starfi landsskrifstofunnar. Fjöldi ferða og fjöldi þátttakenda voru þó eðlilega takmörk sett, þar sem ferðir af þessu tagi eru óhjákvæmilega all kostnaðarsamar.



Mynd 6. Þátttakendur í Staðardagskrárferð til Austurríkis 2003.


Vefsíða Staðardagskrár 21

Vefsíða Staðardagskrár 21 á Íslandi, www.samband.is/dagskra21, var opnuð 25. mars 1999. Frá þeim degi óx vefsíðan jafnt og þétt, og innihélt þegar mest var fjórðung af öllu því efni sem vistað var á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Langvinsælasti hluti Staðardagskrársíðunnar var „Orð dagsins“, sem birtust á forsíðunni flesta virka daga frá 30. ágúst 1999, að frátöldum hléum vegna ferðalaga og sumarleyfa. Þegar verkefninu lauk í árslok 2009 höfðu „Orðin“ birst samtals 1.544 sinnum frá upphafi. „Orðin“ höfðu jafnan að geyma „orð, tilvitnanir, hugmyndir og vangaveitur til að staldra við í erli dagsins“, eins og það var orðað í kynningu efst á síðunni. Þarna voru nánar tiltekið á ferðinni stuttir fréttapunktur, oftast ættaðir af erlendum vefsíðum um umhverfismál og sjálfbæra þróun, ásamt tenglum á ítarlegri umfjöllun. Ætla má að „Orðin“ hafi verið einn af öflugustu umhverfisfréttamiðlum landsins þann tíma sem þeim var viðhaldið.

Auk „Orða dagsins“ hafði Staðardagskrársíðan m.a. að geyma fróðleik um hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og bakgrunn Staðardagskrárstarfsins í alþjóðlegu samhengi, greinar, fyrirlestra og pistla um Staðardagskrá 21 og sjálfbæra þróun, tengla á aðrar vefsíður með innlendu og erlendu efni sem nýtast mætti í starfinu, fundargerðir stýrihóps, fréttir og upplýsingar um stöðu og þróun mála í einstökum sveitarfélögum.

Fjöldi heimsóknna á Staðardagskrárvefinn gaf vísbendingu um það hversu margir fylgdust með Staðardagskrárstarfinu á hverjum tíma. Heimsóknirnar voru eðlilega flestar þegar mest var um að vera, t.d. í kringum ráðstefnur, en fækkaði þess á milli, sérstaklega á tímum þegar ekki vannst tími til að uppfæra „Orð dagsins“ reglulega vegna anna við önnur viðfangsefni landsskrifstofunnar. Mynd 7 sýnir umferð um vefsíðuna síðustu ár.



Mynd 7. Heimsóknir á heimasíðu Staðardagskrár 21 eftir árum 2003-2009.

Eftir því sem starfshlutfall verkefnisstjóra fór lækkandi á seinni árum Staðardagskrárverkefnisins, urðu uppfærslur „Orða dagsins“ strjálari, sem skýrir væntanlega fækkun heimsókna á síðuna síðustu ár verkefnistímans. Þar kann þó fleira að koma til, m.a. vaxandi framboð umhverfisfrétta á öðrum miðlum.



Mynd 8. Forsíða Staðardagskrárvefsins 10. nóvember 2009. „Orða dagsins“ þennan dag fjölluðu um aðgerðir í kjölfar úttekta sem norsk yfirvöld létu gera á efnamengun á leiksvæðum barna, en daginn áður var sagt frá efninu bisfenól A í bandarískum dósamat.


Ágæta Staðardagskrárfólk

Í árunna rás kom starfsfólk Staðardagskrárskrifstofunnar sér upp all umfangsmiklum póstlista með nöfnum og netföngum fjölda fólks sem hafði sýnt Staðardagskrárstarfinu áhuga eða tekið þátt í því með einum eða öðrum hætti. Undir lok verkefnisins voru 447 nöfn á þessu lista. Þessi hópur fékk sendan tölvupóst annað slagið, sem jafnan hófst með ávarpinu „Ágæta Staðardagskrárfólk“. Í þessum póstum var m.a. sagt frá helstu viðburðum í starfinu, vakin athygli á áhugaverðum umfjöllunarefnum í „Orðum dagsins“ og sagt frá fyrirhuguðum fundum og ráðstefnum sem nýst gætu í starfinu að sjálfbærri þróun. Ekki liggja fyrir tölur um fjölda þessara póstsendinga frá upphafi, en á árinu 2009 urðu þær samtals 74, svo dæmi sé tekið. Þessi samskipti mæltust afar vel fyrir.

Útgáfumál

Að frátöldu því efni sem birt var á heimasíðu Staðardagskrár 21 á Íslandi og þeim tölvuskeytum sem send voru á póstlistann, var lítil áhersla lögð á útgáfustarfsemi innan ramma Staðardagskrárverkefnisins. Stærsta ritið sem Staðardagskrárskrifstofan gaf út á þessu 11 ára tímabili var lokaskýrsla svonefnds 18-mánaða verkefnis, sem lauk í apríl 2000.¹ Þá var gefinn út sérstakur kynningarbæklingur á árinu 2004 á vegum Fámennisverkefnisins, gjarnan nefndur „Dráttarvélarbæklingurinn“ eftir ljósmynd á forsíðu.² Þá eru ótaldar greinar í blöðum og tímaritum, svo sem í Sveitarstjórnarmálum, Morgunblaðinu, Bændablaðinu, Frey og víðar.

Þessi litla áhersla á útgáfumál átti sér tvær meginskýringar. Annars vegar var lítið rúm fyrir prentun og annan útgáfukostnað á fjárhagsáætlunum verkefnisins og hins vegar hættir prentuðu efni til að úreldast fljótt.



Mynd 9. Forsíða svonefnds dráttarvélarbæklingis frá 2004.

¹ Stefán Gíslason. *Staðardagskrá 21 á Íslandi. Samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytisins október 1998 – mars 2000*. Samband íslenskra sveitarfélaga, Fræðslurit nr. 19, Reykjavík 2001.

² Skrifstofa Staðardagskrár 21 á Íslandi. *Staðardagskrá 21 á Íslandi. Velferðaráætlun fyrir sveitarfélög. Kynningarbæklingur fyrir fámenn sveitarfélög*. Borgarnes 2004.

Staða mála í sveitarfélögum

Starfsfólk landsskrifstofunnar reyndi jafnan að fylgjast með stöðu Staðardagskrárstarfsins í einstökum sveitarfélögum. Reyndar er ekki auðvelt að gefa óyggjandi yfirlit um slíkt, því að sveitarfélögin eru mörg og fara ólíkar leiðir í þessum efnum. Þannig er ekki endilega augljóst hvort tiltekin sveitarstjórn starfi eftir samþykktari Staðardagskrá eður ei, því að stundum liggur ekki ljóst fyrir hvort tiltekið stefnumótunarplagg sé Staðardagskrá eða eitthvað annað. Á sama hátt má í vissum tilfellum véfengja að tiltekið skjal sem ber yfirskriftina „Staðardagskrá 21“ standi í raun undir því nafni. Þannig má finna dæmi um slík skjöl, þar sem hvorki hefur verið leitað samráðs við íbúa, né gerð nokkur tilraun til að skilgreina markmið til langs tíma. Með þetta í huga ber að taka allri flokkun sveitarfélaga með fyrirvara.

Tafla 3 gefur hugmynd um stöðu mála við verkefnislok í desember 2009, með fyrirnefndum fyrirvörum.

Samþykkt Staðardagskrá til	Samþykkt Staðardagskrá til fyrir hluta sveitarfélags	Unnið að gerð Staðardagskrár	Einhver önnur tengsl við Staðardagskrárstarfið	Önnur sveitarfélög
Akraneskaupstaður Borgarfjarðarhr. Fljótsdalshérað Fljótsdalshreppur Garðabær Grundarfjarðarbær Grýtubakkahreppur Hafnarfjarðarbær Húnaþing vestra Hvalfjarðarsveit Hveragerðisbær Hörgárbyggð Ísafjarðarbær Kjósarhreppur Kópavogsbær Mosfellsbær Mýrdalshreppur Reykholahreppur Reykjanesbær Reykjavíkurborg Seltjarnarnesbær Skaftárhreppur Skorradalshreppur Snæfellsbær Strandabyggð Svalbarðsstrandarhr. Sveitarfél. Álftanes Sveitarfél. Skagafj. Tálknafjarðarhr.	Akureyrarbær Borgarbyggð Fjarðabyggð	Blönduósbær Dalabyggð Flóahreppur Húnavatnshreppur Sveitarfél. Garður Sveitarfél. Hornafj. Sveitarfél. Skagastr	Ásahreppur Bláskógabyggð Bolungarvíkurkaupst Breiðdalshreppur Dalvíkurbyggð Eyja- og Miklaholtsh Eyjafjarðarsveit Fjallabyggð Grindavíkurbær Helgafellssveit Hrunamannahr. Langanesbyggð Norðurþing Rangárþing eystra Rangárþing ytra Seyðisfjarðarkaupst. Skeiða- og Gnúpv. Skútustaðahreppur Stykkishólmsbær Svalbarðshreppur Sveitarfél. Árborg Sveitarfél. Vogar Sveitarfél. Ölfus Vestmannaeyjabær Vesturbyggð Vopnafjarðarhr. Þingeyjarsveit	Akrahreppur Arnarneshreppur Árneshreppur Bæjarhreppur Djúpavogshr. Grímsnes- og Grafn Kaldrananeshr. Sandgerðisbær Skagabyggð Súðavíkurhreppur Tjörneshreppur
29 sveitarfélög	3 sveitarfélög	7 sveitarfélög	27 sveitarfélög	11 sveitarfélög

Tafla 3. Staða Staðardagskrármála í einstökum sveitarfélögum í árslok 2009.

Eins og sjá má á töflunni höfðu 29 sveitarfélög komið sér upp Staðardagskrá 21 í árslok 2009. Staða mála í þessum sveitarfélögum var þó afar mismunandi. Þannig höfðu m.a. Reykjavíkurborg, Akureyrarbær, Hafnarfjarðarbær og Mýrdalshreppur lokið a.m.k. fyrstu endurskoðun upphaflegu áætlunarinnar, auk þess sem sú vinna var langt komin í Mosfellsbæ og jafnvel víðar. Hjá Akureyrarbæ og e.t.v. fleiri sveitarfélögum var vinna meira að segja hafin við aðra endurskoðun. Snæfellsbær og Grundarfjarðarbær höfðu hins vegar gerst þátttakendur í samstarfi 5 sveitarfélaga á Snæfellsnesi um vottun samkvæmt alþjóðlegum staðli Green Globe (nú Earth Check) fyrir sjálfbær samfélög og þannig í raun komist skrefi lengra en flest önnur sveitarfélög með því að fá óháðan utanaðkomandi aðila til að leggja mat á árangur af starfi þeirra að sjálfbærri þróun.


Í þremur sveitarfélögum er samþykkt Staðardagskrá til fyrir hluta sveitarfélagsins. Þetta á við um Akureyrarbæ, Borgarbyggð og Fjarðabyggð, en í öllum þeim tilvikum hafa sveitarfélagamörk breyst í kjölfar sameininga eftir að gildandi útgáfa af Staðardagskrá 21 var samþykkt. Unnið er að endurskoðun og landfræðilegri útvíkkun staðardagskránna í a.m.k. tveimur þessara sveitarfélaga.

Vitað er um 7 sveitarfélög sem voru virk í vinnu sinni við fyrstu útgáfu Staðardagskrár 21 í árslok 2009. Fimm þeirra höfðu fengið aðstoð við fyrstu skrefin innan ramma Fámennisverkefnisins, en höfðu ekki náð að ljúka þeirri vinnu þegar verkefnið rann skeið sitt á enda.

Með „einhverjum öðrum tengslum við Staðardagskrárstarfið“ er hér m.a. vísað til sveitarfélaga þar sem Ólafsvíkuryfirlýsingin hefur verið samþykkt, þar sem haldnir hafa verið kynningarfundir um Staðardagskrá 21 og þar fram eftir götunum.

Ef marka má töflu 3, hafa 66 sveitarfélög tengst Staðardagskrárstarfinu það sem af er, en 11 hafa ekki komið við sögu. Rétt er þó að ítreka það sem áður var sagt, að röðun sveitarfélaga í töfluna byggir að hluta á huglægu mati, þar sem fátt er um altæka mælikvarða til að meta Staðardagskrárstarf einstakra sveitarfélaga.

Á mynd 10 má sjá stöðu Staðardagskrárstarfsins á Íslandi í grófum dráttum. Þau sveitarfélög sem hafa komið sér upp formlega samþykktri Staðardagskrá eru auðkennd með dökkgrænum lit. Skærgræni liturinn sýnir sveitarfélög þar sem Staðardagskrá er til fyrir hluta sveitarfélagsins og fölgræni liturinn sýnir þau sveitarfélög þar sem einhver Staðardagskrávinna hefur átt sér stað. Myndin gefur í aðalatriðum sömu upplýsingar og fram koma í töflu 3, nema hvað næstaftasta dálki töflunnar er skipt í tvennt eftir því hversu mikið viðkomandi sveitarfélög hafa aðhafst í Staðardagskrármálum.



Mynd 10. Yfirlitsmynd yfir stöðu Staðardagskrárstarfsins á Íslandi í árslok 2009.

Ólafsvíkuryfirlýsingin

Í árslok 2009 höfðu 56 sveitarstjórnir samþykkt Ólafsvíkuryfirlýsinguna, og þar með lýst yfir vilja sínum til að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku. Ólafsvíkuryfirlýsingin leit dagsins ljós á þriðju landsráðstefnunni um Staðardagskrá 21, sem haldin var í Ólafsvík 12.-13. október 2000. Yfirlýsingin var síðan send til allra sveitarfélaga af og til með beiðni um að hún yrði tekin til afgreiðslu. Með því móti var ekki aðeins verið að safna undirskriftum, heldur einnig og ekki síður hvatt til umræðu um sjálfbæra þróun og hlutverk sveitarstjórna í því samhengi.

Tafla 4 hefur að geyma lista með upplýsingum um allar sveitarstjórnir sem samþykkt hafa Ólafsvíkuryfirlýsinguna frá upphafi. Vegna sameiningar sveitarfélaga hafa í reynd orðið talsverðar breytingar á listanum, en honum er engu að síður viðhaldið í upprunalegri mynd til að viðhalda röð sveitarfélaganna í sögulegu samhengi. Þau sveitarfélög sem merkt eru með stjörnu (*) í listanum hafa sameinast öðrum eftir að viðkomandi samþykkt var gerð. Þetta á við um 11 sveitarfélög af þeim 56 sem talin eru upp, þannig að í reynd höfðu 45 af 77 sveitarfélögum landsins samþykkt Ólafsvíkuryfirlýsinguna fyrir árslok 2009.



Mynd 11. Frá undirritun Ólafsvíkuryfirlýsingarinnar á 11. landsráðstefnunni um Staðardagskrá 21, sem haldin var í Stykkishólmi í mars 2010. Hér er Kolbrún Halldórsdóttir, þáv. umhverfisráðherra, í þann mund að staðfesta undirritanir Sifjar Karlsdóttur f.h. Tálknafjarðarhrepps og Aðalsteins Steinssonar f.h. Flóahrepps.

Röð	Sveitarfélag	Íb. 01.12.2009	Samb. dags.
1	Hafnarfjarðarbær	25.872	24.10.2000
2	Þórshafnarhreppur	*	26.10.2000
3	Snæfellsbær	1.701	09.11.2000
4	Hríseyjarhreppur	*	14.11.2000
5	Reykjavíkurborg	118.427	14.11.2000
6	Reykjanesbær	14.081	21.11.2000
7	Austur-Hérað	*	21.11.2000
8	Dalvíkurbyggð	1.951	21.11.2000
9	Mýrdalshreppur	511	22.11.2000
10	Raufarhafnarhreppur	*	23.11.2000
11	Borgarbyggð	*	14.12.2000
12	Sveitarfélagið Álftanes	2.524	24.01.2001
13	Mosfellsbær	8.527	31.01.2001
14	Akureyrarkaupstaður	17.563	06.02.2001
15	Sveitarfélagið Vogar	1.195	06.03.2001
16	Hveragerðisbær	2.302	08.03.2001
17	Skaftárhreppur	450	12.03.2001
18	Borgarfjarðarsveit	*	15.03.2001
19	Hornafjörður	2.089	05.04.2001
20	Grundarfjarðarbær	910	11.04.2001
21	Reykholahreppur	292	11.04.2001
22	Stykkishólmsbær	1.090	23.05.2001
23	Skagafjörður	4.137	26.06.2001
24	Seltjarnarneskaupstaður	4.406	27.06.2001
25	Kirkjubólshreppur	*	23.10.2001
26	Akraneskaupstaður	6.555	13.12.2001
27	Eyjafjarðarsveit	1.030	05.02.2002
28	Ísafjarðarbær	3.897	28.02.2002
29	Siglufjarðarkaupstaður	*	24.04.2002
30	Sveitarfélagið Ólfus	1.945	27.03.2003
31	Rangárþing ytra	1.545	07.04.2003
32	Húnaþing vestra	1.122	04.09.2003
33	Skorradalshreppur	61	10.03.2004
34	Öxarfjarðarhreppur	*	28.04.2004
35	Kelduneshreppur	*	23.06.2004
36	Hvalfjarðarstrandarhr.	*	30.08.2004
37	Fljótisdalshreppur	89	15.11.2004
38	Borgarfjarðarhreppur	135	17.01.2005
39	Hörgárbyggð	429	06.10.2005
40	Svalbarðsstrandarhreppur	414	14.02.2006
41	Vesturbyggð	938	17.05.2006
42	Hvalfjarðarsveit	626	23.10.2006
43	Kjósarhreppur	195	02.11.2006
44	Sveitarfélagið Garður	1.520	02.05.2007
45	Seyðisfjarðarkaupstaður	706	23.01.2008
46	Bolungarvíkurkaupstaður	968	29.01.2008
47	Borgarbyggð	3.543	30.01.2008
48	Blönduósibær	879	31.01.2008
49	Bláskógabyggð	937	05.02.2008
50	Hrunamannahreppur	789	06.02.2008
51	Fljótisdalshérað	3.465	06.02.2008
52	Skeiða- og Gnúpverjahr.	519	05.02.2008
53	Tálknafjarðarhreppur	297	13.02.2008
54	Árborg	7.810	25.04.2008
55	Flóahreppur	595	07.01.2009
56	Kópavogsbær	30.314	28.07.2009

Tafla 4. Sveitarstjórnir sem samþykkt höfðu Ólafsvíkurfirlýsinguna fyrir árslok 2009. Sveitarfélög merkt með stjörnu (*) hafa sameinast öðrum eftir að viðkomandi samþykkt var gerð.



Fámennisverkefnið

Eins og fram hefur komið fjármöggnuðu umhverfisráðuneytið og iðnaðarráðuneytið sérstakt verkefni á árunum 2003-2005 og 2007-2009 til að styðja við innleiðingu Staðardagskrár 21 í fámennum sveitarfélögum á landsbyggðinni. Þessi stuðningur gerði það mögulegt að aðstoða einstök sveitarfélög mun meira en ella. Í reynd tók starfsmaður Staðardagskrárskrifstofunnar að sér hlutverk eins konar ritstjóra við gerð Staðardagskrárskýrslna sveitarfélaganna, undirbjó fundi með nefndum og almenningi og gekk eftir þeim gögnum sem þörf var á hverju sinni. Að jafnaði var unnið með 3-5 sveitarfélögum samtímis. Samtals höfðu 10 sveitarfélög samþykkt 1. útgáfu sína af Staðardagskrá 21 í árslok 2009 í kjölfar samvinnu af þessu tagi. Það ellefta, Mýrdalshreppur, hafði nýlengi endurskoðun eldri útgáfu áætlunarinnar. Við verkefnislok voru 5 sveitarfélög til viðbótar í þessu ferli, þar af þrjú sem tóku þátt í sérstöku tilraunaverkefni innan ramma Fámennisverkefnisins um samþættingu Staðardagskrár 21 og aðalskipulags.

Tilraunaverkefnið um samþættingu Staðardagskrár 21 og aðalskipulags hófst á árinu 2008 með þátttöku Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps og Sveitarfélagsins Skagastrandar. Þessi vinna var á lokastigi þegar Fámennisverkefnið lagðist af í árslok 2009. Meðal þess sem gert var í þessari vinnu var að málaflokkum og verkefnum úr Staðardagskrá 21 var bætt inn í greinargerð með aðalskipulagi sveitarfélaganna og þessar tvær áætlanir þar með gerðar að einni. Verkið var unnið í samráði við fulltrúa Skipulagsstofnunar.

Upphaflega var Fámennisverkefnið ætlað sveitarfélögum með færri en 500 íbúa, en þau stærðarmörk voru síðar rýmkuð upp í 1.000 íbúa. Jafnframt var ráð fyrir því gert að hægt væri að vinna með einstökum byggðakjörnum innan stærri sveitarfélaga. Þannig var unnið sérstaklega með heimamönnum í Fljótum á árinu 2009 við gerð áætlunar um eflingu samfélagsins þar, sem er hluti af Sveitarfélaginu Skagafirði. Þessu verki var þó ekki lokið við verkefnislok 31. desember 2009.



Mynd 12. Forsíða Staðardagskrár 21 fyrir Hvalfjarðarsveit, sem unnið var innan ramma Fámennisverkefnisins.

Mæling á árangri?

Ekki er auðvelt að leggja tölulegt mat á raunverulegan árangur Staðardagskrárstarfsins, hvort heldur sem er í einstökum sveitarfélögum eða á landsvísu. Ýmsir mælikvarðar koma þó til greina, svo sem fjöldi sveitarstjórna sem hafa samþykkt Staðardagskrá 21, eða hlutfallslegur fjöldi áformaðra verkefna sem lokið var fyrir áætlaða lokadagsetningu.

Svo má líka velta því fyrir sér hvort eigi heldur að mæla árangurinn í fjölda og ágæti útgefinna skýrslna eða í raunverulegum breytingum sem hafa átt sér stað í viðkomandi sveitarfélögum, svo sem breytingum í tekjudreifingu íbúa, úrbótum í meðhöndlun úrgangs, þróun í heildarlengd hjólréiðastíga, eða hlutfalli umhverfismerkra hreinsiefna í innkaupum til sveitarfélagsins. Í öllum þessum vangaveltum þarf m.a. að reyna að átta sig á því hvaða framfarir hefðu orðið án tilkomu Staðardagskrár 21 og hvað megi beinlínis rekja til Staðardagskrárstarfsins.

Kristbjörg Ágústsdóttir gerði árangur Staðardagskrárstarfsins á Íslandi að rannsóknarefni í meistaraþrófsverkefni sínu í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands.³ Í verkefninu var leitað svara við þeirri spurningu hvort Staðardagskrárstarfið á Íslandi hefði skilað árangri. Svárið var jákvætt að því leyti að niðurstöður rannsóknarinnar þóttu gefa vísbendingu um að Staðardagskrárstarfið hefði skilað árangri og þá helst í auknum skilningi á hugmyndafræðinni. Aftur á móti væri „*erfitt að gera greinarmun á því hvað er runnið undan rifjum Staðardagskrár 21 og hvað er almenn breyting á tíðaranda*“. Niðurstöðurnar bentu einnig til að áhugi og árangur hefði dalað frá upphafsárum starfsins. Mat á Staðardagskrárskýrslum benti hins vegar til að gæði þeirra hefðu farið vaxandi með árunum, m.a. að því leyti að síðustu árin hefðu þær í auknum mæli fjallað um samfélagsmál, fremur en að fjalla eingöngu um hefðbundna umhverfisþætti. Hinar þrjár grunnstöðir sjálfbærrar þróunar höfðu með öðrum orðum náð meira jafnvægi í skýrslunum en algengast var á fyrstu árum starfsins. Þetta þótti benda til vaxandi skilnings á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Lokaorð

Við lok Staðardagskrárverkefnisins er starfsfólki Staðardagskrárskrifstofunnar efst í huga þakklæti til aðstandenda verkefnisins, þeirra sem setið hafa í verkefnisstjórn og síðar stýrihópi og síðast en ekki síst þeirra fjölmörgu sveitarstjórnarmanna, starfsmanna sveitarfélaga og áhugasömu einstaklinga sem lagt hafa sinn mikilvæga skerf af mörkum til að stuðla að sjálfbærri þróun íslensks samfélags á því rúmlega 11 ára tímabili sem verkefnið stóð yfir. Í þessum hópi eru nokkur hundruð manns. Á því leikur enginn vafi að áhugi og vinnusemi þessa fólks hefur skilað núverandi og komandi kynslóðum miklum verðmætum, sem ekki væru ella til staðar.



Mynd 13. Framtíðarskipið – eða bátur með skráningarnúmerið SD21 í höfninni í Grebbestad í Svíþjóð í ágúst 2005. SD eru ein-kennisstafir báta frá Strömstad, en jafnframt íslensk skammstöfun fyrir Staðardagskrá 21.

³ Kristbjörg Ágústsdóttir. *Staðardagskrá 21, sjálfbær samfélagsstefna. Árangursmat 1998-2008*. MS-ritgerð í Umhverfis- og auðlindafræði, Háskóli Íslands, febrúar 2008.